

**Sameyki – stéttarfélag í almannajónustu og Strætó bs  
gera með sér svofellt  
SAMKOMULAG  
um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila**

**1. gr.  
Gildistími**

Samningsaðilar eru sammála um að gildandi kjarasamningur aðila ásamt bókunum og fylgiskjöllum framlengist til 31. mars 2024 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.  
Almenn launahækkun**

Frá og með 1. október 2023 skulu launataxtar (grunnþrep) skv. grein 1.1.1. í kjarasamningi aðila hækka um kr. 17.000. Er það ofan á hækkanir sem komu til framkvæmda 1.1.2023 og 1.4.2023.

**3. gr.  
Jöfnun vegna gildistíma**

Félagsfólk í Sameyki sem starfar hjá Strætó bs og fellur undir þennan samning, skal fá sérstaka launauppbót í formi eingreiðslu að upphæð kr. 200.000.-, miðað við fullt starf þann 1. september 2023.

**4. gr.  
Kjaratengdir liðir**

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 6,75% frá 1. október 2023.

**5. gr.  
Námssjóður**

Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í námssjóð sem nemur 1,0% af heildarlaunum félagsmanna. Úr sjóðnum er úthlutað til félagsmanna skv. reglum, sem gilda fyrir sjóðinn.

**6. gr.  
Desemberuppbót**

Desemberuppbót fyrir árið 2023 miðað við fullt starf er: 128.000.-.

7. gr.  
Atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt fylgiskjöllum, bókunum og viðaukum, upp á lögformlegan hátt til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 17:00 þann 31. október 2023 skoðast samningurinn samþykktur. Atkvæðisbærir félagsmenn stéttarfélagsins um samning þennan eru einungis þeir sem starfa hjá Strætó bs.

Reykjavík, 23. október 2023

Fyrir hönd Sameykis stéttarfélags  
í almannajónustu

Jenný Þ. Stefánsd.  
Jóhanna Björnsd.  
Þórunn R.  
Pétur KARISSON  
Ariesta Sna.

Fyrir hönd Strætó bs.,  
með fyrirvara um samþykki stjórnar

Jóhanna R.  
Sna Kael

## Bókun 1

Stýrihópur um Betri vinnutíma í vaktavinnu hefur sett fram tillögur að breytingum hvað varðar álagsgreiðslur og virkni vaktahvata. Í kjarasamningum vorið 2023 tóku samningaaðilar hjá ríki Reykjavíkurborg og sveitarfélögunum þær breytingar inn í kjarasamninga sína. Strætó bs mun með sama hætti innleiða þær breytingar hjá sér.

- 90% álagið verður **120%**
- 120% álagið verður **165%**

**165% álag**  
 Aðfangadagur kl. 16-00  
 Jólanótt 00-08  
 Gamlársdagur 16-00  
 Nýársnótt 00-08

**120% álag**  
 Aðfangadagur kl. 12-16  
 Jóladagur kl. 8-00  
 Gamlársdagur kl. 12-16  
 Nýársdagur  
 Föstudagurinn langi  
 Þeskudagur  
 Hvílasunnudagur  
 17. júní

Fjöldi vakta	Tegundir vakta			
	1	2	3	4
19		10,0%	12,5%	12,5%
18		7,5%	10,0%	12,5%
17		7,5%	7,5%	12,5%
16		2,5%	7,5%	10,0%
15		2,5%	2,5%	7,5%
14			2,5%	7,5%

  

Fjöldi vakta	Tegundir vakta			
	1	2	3	4
19		10,0%	12,5%	12,5%
18		7,5%	10,0%	12,5%
17		7,5%	10,0%	12,5%
16		2,5%	7,5%	10,0%
15		2,5%	2,5%	10,0%
14			2,5%	7,5%

Myndin hér að ofan sýnir breytingar á vaktarhvata. Neðri myndin sýnir þær breytingar gilda frá og með 1. október 2023.

